

## GJALDSKRÁ 2020 fyrir kattahald í Dalvíkurbyggð.

### 1. gr.

Við skráningu kattar skal greiða skráningargjald kr. **2.850,-**  
Fyrstu 6 mánuði frá staðfestingu gjaldskrár þessarar er skráningin gjaldfrí.

### 2. gr.

Árlega skal greiða eftirlitsgjald vegna kattar kr. **5.696,-** Gjaldið á að standa undir kostnaði vegna ormahreinsunar ef framvísað er staðfestingu á að ormahreinsun hafi verið framkvæmd lækkar gjaldið um 50%.

### 3. gr.

Af köttum sem handsamaðir eru og fluttir í gæludýrageymslu Dalvíkurbyggðar samkvæmt 12. gr. samþykktar um kattahald í Dalvíkurbyggð nr. 17/2013 skal greiða handsömunnar-, fóður- og vistunargjald samkvæmt gjaldskrá þessari. Ef köttur er ekki örmerktur samkvæmt 8. gr. sömu samþykktar ber einnig að greiða þann kostnað gegn beiðni til dýralækna sem framkvæma slíkt.

### 4. gr.

Við afhendingu handsamaðra kattar ber að innheimta kr. **5.696,-** vegna handsömunnar og kr. **900,-** fyrir hvern dag sem köttur er vistaður í kattageymslu fyrir fóður og vistun. Gjald fyrir örmerkingu kattar fer eftir gjaldskrá viðkomandi dýralæknis hverju sinni.

### 5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar, með heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

### 6. gr.

Gjaldskrá þessi helst óbreytt milli ára 2019 og 2020 samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar í nóvember 2019. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni miðast við neysluvísitölu, grunnur 1988, september 2019 (470,5 stig) sem uppreiknast í september ár hvert miðað við gildandi neysluvísitölu.

Samþykkt í landbúnaðarráði Dalvíkurbyggðar 13. nóvember 2019.

Samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 29. nóvember 2019.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Dalvík 17. desember 2019